

## 64.fundur

16. apríl 2015

1002008SA BOH  
Málalykill: 524

### Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum

64. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum var haldinn fimmtudaginn 16. apríl 2015 að Borgartúni 30 og hófst hann kl. 10:00.

Mætt voru f.h FT, Sigrún Grendal og Guðbjörg Sigurjónsdóttir, af hálfu SNS mættu Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

64. fundur er fyrsti fundur sem haldinn er í samstarfsnefnd eftir að nafni félagsins var breytt úr Félagi tónlistarskólakennara í Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum ( FT ). Þá er fundurinn einnig fyrsti fundur sem haldin er í kjölfar þess að FT og FÍH hættu gerð sameiginlegs kjarasamnings. Skipuð hefur verið ný samstarfsnefnd vegna kjarasamnings FT sem samþykktur var 25. nóvember 2014. Númer funda mun telja áfram frá því sem var í sameiginlegri samstarfsnefnd félaganna. Fulltrúar FT í samstarfsnefnd eru þær Sigrún Grendal og Guðbjörg Sigurjónsdóttir.

Þá var gengið til dagskrár.

#### 1. Verklag samstarfsnefndar við úrvinnslu erinda

##### Niðurstaða:

Farið yfir tilhögun og vinnulag vegna funda í samstarfsnefnd.

#### 2. Teljast nemendur grunnskóla til stiga tónlistarskólans þegar skólastjóri tónlistarskólans ber ábyrgð á og hefur umsjón með tónmenntakennslu í grunnskóla og kennari sem er starfsmaður tónlistarskóla kennir eftir námsskrá grunnskóla.

##### Niðurstaða:

Kjarasamningurinn tekur ekki á þessu og því er svarið nei. Nemendur teljast því ekki til stiga tónlistarskólans.

#### 3. Útreikningar á sumarlaunahluta tónlistarkennara v. verkfalls.

##### Niðurstaða:

Málið rætt. Afgreiðslu frestað.

#### 4. Önnur mál

Ýmis önnur mál reifuð og ákveðið að boða til annars fundar þann 8. maí nk.

Fundi slitið klukkan 12:23